

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Mennta- og menningarsjóð Guðna Guðnasonar frá Eyjum I, Kjós.

1. gr.
Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Mennta- og menningarsjóður Guðna Guðnasonar frá Eyjum I, Kjós og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Orm Vigfússon sýslumann í Eyjum í Kjós og konu hans Guðríði Þórðardóttur. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.
Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.
Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að efla menntun og menningu í Kjósarhreppi með styrkjum úr sjóðnum. Einungis er heimilt að verja vöxtum sjóðsins á hverjum tíma í þágu fyrrgreinds markmiðs.

4. gr.
Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Guðni Guðnason, kt. 020815-7369.

5. gr.
Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðru því er hún kann að eignast síðar. Stofnendur njóta engra sérréttinda í stofnuninni.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skal við kjör á aðalmönum í stjórn kjósa two menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákværðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.
Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.
Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt.

Nr. 430

27. apríl 2012

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Löggiltur endurskoðandi/skoðunarmenn sem valdir eru af stjórn munu endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsári.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiða skv. 3. gr. hér að framan eða skylda markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 27. apríl 2012.

Ríkarður Másson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2012